

Fyrirspurn

til utanríkisráðherra um notkun úranhúðaðra sprengiodda í loftárásum NATO á Júgóslavíu.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Var ríkisstjórn Íslands ljóst að til stæði að nota úranhúðaða sprengiodda í loftárásum á Júgóslavíu þegar hún samþykkti aðgerðirnar fyrir sitt leyti?
2. Hver hefur afstaða fulltrúa Íslands hjá NATO verið varðandi það að NATO afhendi upplýsingar og fallist á að vinna með óháðum aðilum að rannsókn á mengun og heilsutjóni af völdum loftárásanna og notkun sneydds úrans sérstaklega?
3. Hver er afstaða utanríkisráðherra eða ríkisstjórnarinnar til þess að notkun á sneyddu úrani verði bönnuð í aðgerðum á vegum NATO?